

# Fjárhagsáætlun 2024

Greinargerð hafnarstjóra við framlagningu fjárhagsáætlunar



## ***Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2024 byggir m.a. á eftirfarandi forsendum:***

- Rekstur verður með svipuðu sniði og árið 2023.
- Skipaumferð um höfnina, viðlega og vöruflæði haldi áfram að aukast lítilega milli ára.
- Stöðugleiki verður í almennum lausa flutningum – asphalt, olía, sandur, salt og brotajárn.
- Komur farþegaskipa verði um 30 talsins.
- Aflagjöld og vörugjöld verða sambærileg og á árinu 2023.
- Gjaldskrá hafnarinnar mun hækka í samræmi við verðlag eða um 8,5 til 9,9 frá 1. janúar 2024.
- Rekstrarkostnaður mun aukast í samræmi við almennra verðlagsþróun.
- Óvissa er um launamál, en kjarasamningar fyrir komandi ár eru ófrágengnir.
- Unnið verður að endurbótum Óseyrarbryggju fyrir komu nýs hafrannsóknarskips á nýju ári.
- Áhersla verður á að fjölga enn frekar háspennu tengingum stærri togara og farþegaskipa.

## ***Helstu nýframkvæmdir og skipulagsvinna á árinu 2024:***

- Skipulagsvinnu verður lokið við nýja Hamarshöfn og Flensborgarhöfn.
- Framkvæmdir munu hefjast við dýpkun og gerð varnargarðs fyrir Hamarshöfn.
- Lokið verður við fyllingar við Norðurgarð og byrjað á hönnun og endursmíði garðsins.
- Framkvæmdum verður lokið við nýtt uppsátur fyrir báta og kerrur við Hvaleyrarlón.
- Undirbúningsvinna vegna fyrirhugaðra framkvæmda við nýja höfn í Straumsvík heldur áfram.
- Stefnt er að byrjun landfyllingar við Straumsvík á haustdögum 2024.


## Samanburður áætlana 2023 og 2024



	<b>2023</b>	<b>2024</b>	<b>Skýringar</b>
<i>Hafnargjöld</i>	538.500	588.500	<i>Meira vöruflæði</i>
<i>Seld þjónusta</i>	212.500	236.500	<i>Aukin skipaumferð</i>
	<b><u>751.000</u></b>	<b><u>825.000</u></b>	
<i>Leigutekjur</i>	100.832	105.611	
<i>Tekjur alls</i>	<b><u>851.832</u></b>	<b><u>930.611</u></b>	
<i>Launakostn.</i>	<b><u>277.470</u></b>	<b><u>302.803</u></b>	
<i>Lífeyrisskuldb.</i>	<b><u>24.000</u></b>	<b><u>35.000</u></b>	
<i>Vörukaup</i>	<b><u>74.800</u></b>	<b><u>244.490</u></b>	<i>Samantekinn rekstrarskostn.</i>
<i>Þjónustukaup</i>	<b><u>140.831</u></b>	<b><u>xx</u></b>	<i>Vörur og þjónusta -</i>
<i>Annar kostnaður</i>	<b><u>17.017</u></b>	<b><u>xx</u></b>	<i>Skattar – framlög - styrkir</i>
<i>Afskr. fastafjárm.</i>	<b><u>125.934</u></b>	<b><u>125.944</u></b>	
<i>Fjárm.gjöld/tekjur</i>	<b><u>-2.189</u></b>	<b><u>-17.337</u></b>	
<i>Afkoma áætlað</i>	<b><u>-193.959</u></b>	<b><u>-239.711</u></b>	

### *Almennur rekstur:*

Umferð stærri skipa hefur aukist umtalsvert í Hafnarfjarðarhöfn á undanföllum árum. Á árinu 2010 komu um 350 skip til hafnarinnar en voru 480 á árinu 2022 og verða líklega um og yfir 500 á árinu 2023. Þetta er aukning á rúmum áratug um nær 40%. Þá hefur einnig verið umtalsverð aukning á lönduðum afla frá íslenskum togurum síðustu árin og heildarafl haldist um og í kringum 40 þús. tonn á ári, þrátt fyrir töluverðan samdrátt í löndum erlendra fiskiskipa eftir að löndunarbann á rússneska togara tók gildi vorið 2022. Samhliða þessari þróun hefur einnig orðið aukning í innflutningi á lausavöru, s.s. malarefni, salti og olíu. Árið 2010 var heildarinnflutningur á lausavöru utan Straumsvíkurfhafnar um 120 þús. tonn en var kominn yfir 200 þús. tonn á sl. ári. Útlit er fyrir enn frekari aukningu í þessum vöruflutningum á komandi árum, auk þess sem vörumagn í gengum Straumsvík hefur verið stöðugt í kringum 800 þús. tonn á ári.

Þessi aukning í skipakomum og vörumagn hefur aukið umsvif og tekjur hjá Hafnarfjarðarhöfn á umliðnum árum og á sama tíma hefur orðið meira en tvöföldum á komu farþegaskipa yfir sumartímamann.







Á árunum 2015 til 2020 komu að jafnaði um 15-20 farþegaskip á ári til Hafnarfjarðar en þau voru um 30 talsins á nýliðnu sumri og sú aukning mun að líkindum halda eins og bókanir eru fyrir komandi ár.

Áætlað er að tekjur hafnarsjóðs á árinu 2023 verði liðlega 900 millj. kr. en í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir um 852 milljónum í heildartekjur. Tekjur vegna vöruflutninga voru um 170 milljónir fyrstu 8 mánuði þessa árs, en voru 160 milljónir á sama tíma á sl. ári. Þá voru aflagjöld fyrstu 8 mánuði ársins nær 86 milljónir en voru 77 milljónir á sama tíma árið 2022.

Reikna má með að tekjur af vörugjöldum á árinu verði liðlega 300 milljónir og af aflagjöldum um 125 milljónir, þrátt fyrir engan Rússafisk og makríl, en þar munar mestu um stóraukningu í löndun á fyrri hluta ársins. Heildartekjur hafnarinnar á fyrstu 8 mánuðum ársins 2023 voru liðlega 590 milljónir eða um 60 milljónum meiri en á sama tíma í fyrra.

Launkostnaður er áætlaður um 277,5 milljónir á árinu 2023 og var á fyrstu 8 mánuðum ársins í samræmi við launaáætlun. Almennur rekstrarkostnaður hefur einnig verið að mestu í samræmi við áætlun en heildarfjárfestingar vera eitthvað lægri en áætlað var, þar sem framkvæmdir við Hamarshöfn hefjast ekki fyrir en á síðari hluta ársins 2024.

Á árinu sem er að líða hefur verið unnið að endurbótum á stálpili á Óseyrarbryggju og verður því verki lokið á komandi ári, auk þess sem hafnarkantur að norðanverðu verður endurnýjaður og hækkaður. Þar er gert ráð fyrir viðlegu fyrir nýtt rannsóknarskip Hafrannsóknarstofnunar sem er verið að smíða Spáni og mun koma til heimahafnar í Hafnarfirði á haustdögum 2024. Þá hefur einnig verið unnið að grjótvörn og endurnýjun Norðurgarðs í gömlu höfninni og verður því verki haldið áfram á nýju ári.





### ***Hamarshöfn og Flensborgarhöfn***

Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning að gerð deiliskipulags fyrir Flensborgarhöfn og nýja smábátahöfn, Hamarshöfn, á undanförunum misserum. Sú vinna byggir á forsendum fyrirbyggjandi rammaskipulags fyrir svæðið þar sem gert er m.a. ráð fyrir blandaðri þjónustu og íbúðabyggð í nálægð við opið hafnar svæði, smábáta og skemmtibáta, auk aðstöðu fyrir Siglingaklúbbinn Þytur. Skipulagsgerðin er komin á lokastig og verður væntanlega afgreidd til kynningar fyrir lok ársins.

Hafnarstjórn hefur samþykkt að unnið verði sérstakt deiliskipulag fyrir Hamarshöfn, svo hægt verði að flýta framkvæmdum vegna dýpkunar og gerð varnargarðs fyrir nýju smábátahöfnina. Er sú vinna komin vel á veg. Í framkvæmdaáætlun er gert ráð fyrir fjármagni til þeirra framkvæmda á komandi ári. Þá er einnig stefnt að því að ljúka við frágang á nýju uppsátri fyrir smábáta á geymslusvæði hafnarinnar við Hvaleyrarlón, svo hægt sé að rýma til á núverandi uppsátri við Flensborgarhöfn og undirbúa framkvæmdir á því svæði. Einnig er unnið að skipulagsvinnu við nýtt íbúðasvæði á svonefndu Óseyrarsvæði, milli Óseyrarbrautar og Hvaleyrarbrautar og jafnframt eru í undirbúningi skipulagsvinnu vegna væntanlegrar uppbyggingar Tækniskólans á Fornubúðarreitnum.

### ***Stækkun hafnar svæðis í Straumsvík***

Unnið hefur verið um nokkurt skeið að undirbúningi framkvæmda við nýja höfn í Straumsvík, í tengslum við Carbfex verkefnið. Í samvinnu við skipulagssvið og aðra framkvæmdaaðila tengda þessu verkefni, hafa verið lagðar fram til auglýsingar og kynningar tillögur að breytingum á aðal- og deiliskipulagi fyrir væntanlegt framkvæmdasvæði sem nær frá nýrri tengingu við Reykjanesbraut austan álversin, veglagningar með ströndinni og landfyllingar- og hafnaraðstöðu norður af Súralsbakkanum. Þá er einnig vinna í gangi við gerð umhverfismats fyrir mögulega efnistöku úr Rauðamelsnámu sunnan



Straumsvíkur og gerð brimvarnargarðs og viðlegubakka á nýju hafnarsvæði. Stefnt er að því að niðurstöður umhverfismats liggja fyrir á fyrsta ársfjórðungi komandi árs, en niðurstaða varðandi umhverfismat og framkvæmdaleyfi Carbfix eiga að liggja fyrir í sumarbyrjun 2024.

Það mun því skýrast eigi síðar en í sumarbyrjun 2024 hvort og með hvaða hætti framkvæmdir gætu hafist við nýtt hafnarsvæði í Straumsvík. Gert er ráð fyrir að framkvæmdatími fyrir 1. og 2. áfanga við nýja hafnargerð taki um 36 mánuði og fyrsta skipt gæti lagst þar að bryggju í ársbyrjun 2027. Frekari undirbúningsvinna af hálfu Hafnarfjarðarhafnar næstu mánuði, auk vinnu við umhverfismat mun tengjast efnisöflun, aðkomuleiðum og flutningum á landfyllingarsvæði.

## *Hafnarfjarðarhöfn leiðandi í landtengingum stærstu skipa*

200 millur | mbl | 15.6.2022 | 13:23

### Söguleg tímamót í Hafnarfirði



Hafnarfjarðarhöfn var fyrsta höfnin hérlendis til að taka í notkun landtengingarbúnað fyrir háspennu til að tengja farþegaskip og stærstu frystitogara við landrafmagn. Fyrsta tenging með þessum nýja búnaði var í sumarbyrjun 2022 og síðan þá hafa þessi aflfreku skip verið tengd við nýja háspennukerfið í nær 60 skipti og hefur það allt gengið fyrir sig með miklum ágætum.

Tengibúnaður er til staðar uppá nær 1.3 MW bæði á Hvaleyrarbakka þar sem frystitogarar leggjast að og á Suðurbakka þar sem farþegaskip hafa sína viðlegu á sumrin. Af þeim nær 30 farþegaskipum sem komu til Hafnarfjarðarhafnar á nýliðnu sumri eru aðeins skip frá frönsku útgerðinni Ponant sem eru útbúin til landtenginga, en fleiri útgerðir eru að undirbúa að koma upp tengibúnaði. Frystitogarinn Baldvin Njálsson sem landar reglulega í Hfj. höfn er ávallt tengdur við háspennubúnaðinn og grænlenksu frystitogararnir eru nú hver af öðrum að koma sér upp tengibúnaði.

Hafnarfjarðarhöfn sótti um styrk úr Orkusjóði á árinu 2023 vegna uppbyggingar á háspennubúnaðinum en fékk ekki úthlutun, frekar en aðrar hafnir sem sóttu um stuðning til sambærilegra verkefna. Eru það veruleg vonbrigði þar sem um er að ræða mikilvægar en kostnaðarsamar framkvæmdir.

## Fjárfestingahreyfingar 2024 -2027

	2023 (áætlun)	2023 (líklegt)	2024 áætlun	2025 áætlun	2026 áætlun	2027 áætlun
Fjárfesting	135.000	90.000	210.000	240.000	220.000	200.000
Lóðasala	0	146.500	0	100.000	100.000	0
Fjárfestingahreyf.		-56.500	210.000	140.000	120.000	200.000

Sundurliðun framkvæmda	2024	Sundurliðun	2025	2026	2027
Hamarshöfn - dýpkun/landfylling	75.000	Hamarshöfn	150.000	100.000	100.000
Norðurgarður	25.000	Norðurgarður	40.000	20.000	
Deiliskipul. Flsb.höfn- Hamarsh.	10.000	Flensborgarh.	50.000	100.000	100.000
Geymslusvæði - frágangur	25.000				
Óseyrarbryggja - yfirborð/hækkun	65.000				
Vörubifreið - endurnýjun	10.000				
Samtals:	210.000	Samtals:	240.000	220.000	200.000

### Framkvæmdaáætlun til 2027

Í framkvæmdaáætlun Hafnarfjarðarhafnar fyrir komandi ár og 3ja ára áætlun til 2027 er horft til þeirra stærstu verkefna sem fyrirhugað eru á núverandi hafnarsvæði í Hafnarfjarðarhöfn. Staða framkvæmda við nýja hafnargerð í Straumsvík mun skýrast um mitt komandi ár og þá lagðar fram tillögur um fjármögnun og framkvæmdatíma.

Stærsta framkvæmdin innan núverandi hafnarsvæðis á árinu 2024 verður dýpkun og vinna við gerð varnargarðs nýrrar smábátahafnar, Hamarshafnar undir Vesturhamri. Gert er ráð fyrir að þær framkvæmdir standi út árið 2025 og í framhaldinu verði hægt að koma fyrir flotbryggjum og öðrum búnaði innan hafnarinnar.

Þá verður haldið áfram með endurbætur og hækkun á norðurkanti Óseyrarbryggju, en gert er ráð fyrir viðlegu nýs Hafrannsóknarskips á þeim bakka frá og með haustinu 2024. Lokið verður við grjótfyllingar og styrkingu Norðurgarðs og stefnt er að því að ljúka endurbyggingu garðsins á árinu 2025. Einnig verður unnið við lokafrágang á nýju uppsátri fyrir smábáta á geymslusvæði hafnarinnar við Óseyrarbraut ofan við Hvaleyrarlónsrennuna.

Hafnarfirði 25. október 2023  
Lúðvík Geirsson, hafnarstjóri